

NÝR GRAFREITUR VIÐ BRIMNES Í ÓLAFSFIRÐI

LÝSING VEGNA DEILISKIPULAGSGERÐAR

19.08.2024



KANON ARKITEKTAR
Laugavegi 26 • 101 Reykjavík • sími 512 4200 • kanon@kanon.is • www.kanon.is

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Aðdragandi og tilgangur deiliskipulags.....	2
Afmörkun, staðsetning og staðhættir.....	3
Helstu forsendur og tengsl við aðrar áætlanir.....	7
Önnur gögn.....	7
Umhverfisáhrif áætlunarinnar.....	7
Helstu viðfangsefni og áherslur við skipulagsgerð.....	8
Skipulagsferli.....	8
Helstu umsagnar- og samráðsaðilar.....	9

INNGANGUR

Fyrir liggur samþykkt bæjarstjórnar Fjallabyggðar dags 15.05 2024, að hafin verði formleg skipulagsvinna við Brimnes í kjölfar íbúakosningar.

Niðurstaða bæjarstjórnar er eftirfarandi:


Bæjarstjórn samþykkir með 7 atkvæðum að hafin verði formleg skipulagsvinna við Brimnes í samræmi við niðurstöðu ráðgefandi íbúakosningar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 segir að þegar vinna við gerð deiliskipulagstillögu hefjist skuli sveitarstjórn taka saman lýsingu á því hvaða forsendur búi að baki skipulagsgerðar og hverjar skipulagsáherslur verði.

AÐDRAGANDI OG TILGANGUR DEILISKIPULAGS

Við Brimnes verður skipulagt svæði fyrir framtíðar grafreiti Ólafsfirðinga. Núverandi grafreitur við Aðalgötu er nánast fullnýttur og tækifæri til stækkunar á því svæði ekki metin hagfelld. Síðustu misseri hefur sveitarfélagið haft nokkur svæði til skoðunar fyrir framtíðar grafreiti Ólafsfirðinga. Tvö svæði voru að lokum talin koma helst til greina; *Garðsvegur* sunnan gangamunna Héðinsfjarðarganga og spilda í landi Brimness nyrst í bæjarlandinu. Niðurstaða staðarvalsgreininga sem unnar voru fyrir svæðin leiddu í ljós að þau hefðu landkosti sem þróa mætti fyrir grafreiti. Umhverfis og skipulagsnefnd Fjallabyggðar vísaði ákvörðun um staðarval til bæjarstjórnar sem ákvað í framhaldinu að efna til íbúakosningar í Ólafsfirði sem fram fór á fyrri hluta 2024. Niðurstaðan var nokkuð afgerandi og staðfesting bæjarstjórnar á niðurstöðunni liggur nú fyrir.


Brimnes verður fimmti grafreiturinn í sveitarfélaginu Fjallabyggð. Fyrir eru núverandi grafreitur Ólafsfirðinga við Aðalgötu, Kvíabrekka Ólafsfirði, Saurbæjarás í Siglufirði, Siglufjarðarkirkjugarður og reitur við prestsetrið á Hvanneyri í Siglufirði. Tveir síðast nefndu reitirnir eru fullgrafnir. Með nýju deiliskipulagi fyrir Brimnes er tryggt landrými fyrir grafreiti í Ólafsfirði og Siglufirði til næstu áratuga miðað við gefnar forsendur. Núgildandi aðalskipulag Fjallabyggðar (2022-2032) gerir ekki ráð fyrir nýjum kirkjugarði í Ólafsfirði og því þarf að vinna lögformlega breytingu á því skipulagi samhliða deiliskipulagsgerðinni fyrir garðinn í Brimnesi. Lóðin Brimnes er með lóðarleigusamning við Fjallabyggð frá 2009 til 30 ára sem sveitarfélagið þarf að innkalla að hluta vegna deiliskipulagsgerðarinnar og hér er lýst.



Mynd 1. Skipulagssvæðið á sveitarfélagsupprætti gildandi aðalskipulags

AFMÖRKUN, STAÐSETNING OG STAÐHÆTTIR

Skipulagssvæðið er staðsett í tilkomumiklu landslagi Tröllaskaga. Undan grunnum og fremur hrjóstrugum Brimnesdalnum skagar Brimnestunga lítið eitt í sjó fram. Um dalinn rennur Brimnesá sem á upptök sín í fjallgarðinum sem er víða nærri 1000m. Tindaöxl skilur að Brimnesdal og þéttbýliskjarnann. Frá Brimnesi rís Múlinn til norðausturs og Kerahnjúkur 1098m lokar af Brimnesdalinn. Undir Brimnestungu er brimaldan óvíða tilkomumeiri. Skipulagssvæðið er 40-50 m.y.s. og hallar til suðvesturs og situr þannig í allnokkru skjóli fyrir sterkum norðanvindum. Vetrarhörkur geta verið miklar á þessu svæði og snjóþungt víða. Sumrin eru fremur svöl og sólar nýtur fremur seint innan dagsins á skipulagssvæðinu sökum legu þess. Eins og víða gerist í fjörðum á þessu svæði þá koma tímabil þar sem veðursæld er talsverð umfram landsmeðaltal.



Mynd 2. Skipulagssvæðið á þéttbýlisupprætti gildandi aðalskipulags

Núverandi aðstæður.

Skipulagssvæðið er nyrst í núverandi byggðamynstri og liggur á mörkum núverandi íbúðarsvæðis og athafnasvæða. Stutt er í náttúruleg útivistarsvæði og græn svæði innan þéttbýlis s.s. skógrækt. Nýlegur drenskurður ofan núverandi byggðar liggur meðfram suðurmörkum skipulagssvæðis. Svæðið er ekki talið innan skilgreinds hættusvæðis vegna ofanflóða eða annarrar jarðvár. Skipulagssvæðið liggur utan skilgreinds vatnsverndarsvæðis í Brimnesdal. Engir friðlýstir minjastaðir eru í Ólafsfirði og engar plöntur eru skráðar á valista. Fornleifaskráning fyrir Ólafsfjörð (FS 320-04051) var unnin 2004 - 2006. Samkvæmt henni eru ekki sjáanlegar fornleifar á skipulagssvæðinu sökum rasks. Uppfæra þarf fornleifaskráningu vegna deiliskipulagsgerðar og verður það gert samhliða. Búaskapur er

aflagður í Brimnesi en svæðið hefur að hluta til verið nýtt áfram til túnræktunar sem sést á samsetningu núverandi gróðurpekju. Trjárækt er ekki innan skipulagssvæðisins, trjágróður er hinsvegar umhverfis núverandi íbúðarhús á Brimnesi sem byggt var 1939. Nokkuð kröftugt skógræktarsvæði er ofan byggðarinnar sem gefur vonir um að trjárækt nýttist til skjólmyndunar og yndisauka á skipulagssvæðinu. Nýlegar framkvæmdir innan skipulagssvæðisins hafa miðað að því að móta það til uppbyggingar á ferðapjónustu s.s. tjaldsvæði. Af frekari framkvæmdum hefur hinsvegar ekki orðið og svæðið í órækt.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er skipulagssvæðið skilgreint sem óbyggt svæði með möguleika sem framtíðar íbúðasvæði (ÓB 303). Nýr grafreitir getur því orðið hluti hverfisgarðs síðar meir. Ólafsfjarðarvegur afmarkar skipulagssvæðið til norðurs og vesturs. Gamli Múlavegurinn afmarkar svæðið til suðurs og til austurs mun núverandi húsakostur og möguleg starfsemi þar við verða að einhverju leiti sýnileg til að byrja með. Æskilegt verður afmarka þessa línu með kvöðum í deiliskipulagi. Lagning gönguleiðar meðfram Ólafsfjarðarvegi frá miðbæ að áningarstað Vegagerðarinnar norðan við Brimnes er líkur 2024. Aðgengi að skipulagssvæðinu er gott.



Mynd 3. Loftmynd með hæðarlínum af skipulagssvæðinu og nærumhverfi.

Landnýting og rýmisþörf garðsins

Kistugrafir eru algengasta fyrirkomulag greftrunar í þessum landshluta og líkur eru á að svo verði áfram. Duftgrafir eru tiltölulega fáar í núverandi grafreitum Ólafsfjarðar og Siglufjarðar. Aðeins með möguleika á líkbrennslu t.d. á Akureyri eru líkur á að þessi hlutföll breytist til framtíðar. Á hverjum tíma á sér stað ákveðin þróun varðandi fyrirkomulag greftrunar og því er mikilvægt að skipulag garðsins búi yfir sveigjanleika.

Í greinargerð núgildandi aðalskipulags kemur fram að íbúafjöldi hefur dregist saman í sveitarfélaginu en spár gera ráð fyrir fjölgun íbúa á gildistíma þess (2022-2032). Árleg grafartaka í Ólafsfirði hefur undanfarin ár verið um 15-20 kistugrafir sem er svipað og í Siglufirði. Margt bendir þess að árlegur grafarfjöldi haldist svipaður næstu árin og líkur eru á að hlutfall duftreita muni hækka til lengri framtíðar. Það er því skynsamlegt að móta nýtt svæði fyrir kistugrafir í hóflegum áföngum en jafnframt huga að framtíðar umgjörð svæðisins.

Sumarið 2023 lagði skipulagsfulltrúi Fjallabyggðar fram afmörkun 2,8 hektara svæðis fyrir nýjan grafreit á Brimnesi. Reiturinn var hafður nokkuð rúmur svo hægt væri að taka tillit til helstu hönnunarpátta s.s. landhalla, grunnvatnsstöðu, aðgengis, aðlögunar og tækifæra til að nýta landið sem best. Skipulag nýs grafreits þarf að gera ráð fyrir kistugrafreitum, duftreitum, minningarreit og athafnasvæðis vegna reksturs garðsins. Þá þarf að huga að fyrirkomulagi vegna fleiri trúfélaga. Kistugrafreitir í landhalla kallar á talsverða landmótun og nýting slíkra svæða er jafnan talsvert minni en ella. Stundum nýtist einungis þriðjungur lands fyrir kistugrafir, afgangurinn fer í landaödlögun, stíga, aðkomur og bílastæði. Taka þarf tillit til algildrar hönnunar og tryggja með því aðgengi fyrir alla. Þá þarf að taka tillit til umhirðu og snjómoksturs. Sé horft til rýmisþarfar má ætla að afmarkað svæði muni geta þjónað Ólafsfirðingum a.m.k. næstu 30 - 50 árin.

Aðalaðkoma garðsins verði frá Ólafsfjarðarvegi inn á bílastæði sem fylgja landhalla meðfram gamla Múlavegi. Svæðið verði unnið í þrepum, fyrsti hluti vestast og síðan upp brekkuna til austurs. Landmótun geri ráð fyrir áfangaskiptum svæðum fyrir allt að 1000 kistugrafreiti auk svæðis fyrir duftreiti, minningarreit, athafnasvæði og aðra helstu innviði. Mikilvægt er að skapa garðinum skýra umgjörð sem hægt verður að vinna og móta í áföngum eins og áður segir. Garðurinn geti þróast sem grafreitir en einnig sem almennt útivistarsvæði.



Mynd 3. Horft til vesturs yfir skipulagssvæðið - mynd tekin í lok október 2023

HELSTU FORSENDUR OG TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR.

Deiliskipulagsstaða.

Ekki liggur fyrir lögformlegt deiliskipulag fyrir garðinn.

Mæliblöð.

Ekki er til mæliblað af núverandi kirkjugarðssvæði.

Aðalskipulag Fjallabyggðar 2022-2032.

Skipulagssvæðið er ekki afmarkað í núgildandi aðalskipulagi.

ÖNNUR GÖGN.

Fornleifakönnun.

Er í vinnslu.

UMHVERFISÁHRIF ÁÆTLUNARINNAR.

Í greinargerð með núgildandi aðalskipulagi er fjallað um umhverfismat endurskoðaðrar áætlunar. Þar kemur m.a. fram eftirfarandi:

Kirkjugarðar og grafreitir þjóna ákveðnu samfélagslegu hlutverki og jákvætt sé að þeim verði viðhaldið.

Opin svæði eru mikilvæg í eflingu lýðheilsu íbúa. Útivistarskógar eru skilgreindir sem opin svæði. Hlutverk þeirra er ekki aðeins að skapa skjól og fjölbreytt vistkerfi heldur eru þeir einnig hluti af loftslagsaðgerðum sveitarstjórnar. Stefnt er að frekari uppbyggingu opinna svæða og tengingu milli þeirra.

Gæði staðsetningar.

Framtíðar grafreitir Ólafsfirðinga með möguleika á samþættingu við uppbyggingu nýs íbúðasvæðis síðar meir.

Gott aðgengi – svæðið liggur nálægt Ólafsfjarðarvegi og göngutengingum við þéttbýlið.

Svæðið styrkir staðarvitund og verður vettvangur fyrir útivist.

Svæðið skapar möguleika fyrir umhverfisbætur s.s. kolefnisbindingu í formi trjáræktar.

HELSTU VIÐFANGSEFNI OG ÁHERSLUR VIÐ SKIPULAGSGERÐ

- Vinna tillögu að nýjum heildstæðum grafreit til framtíðar.
- Tryggja aðstæður til að hægt sé að móta kistugrafreiti til a.m.k. næstu 20 ára.
- Tryggja aðstæður til að hægt sé að koma til móts við fjölbreyttari form greftrana.
- Setja kvaðir um afmörkun skipulagssvæðis.
- Tryggja góð tengsl við nærumhverfið s.s. með fyrirkomulagi svæða, stíga og bílastæða.
- Gera ráð fyrir allt að 50 bílastæðum – staðsetningar taki mið af landhalla.
- Staðsetja byggingarreit fyrir vélageymslu í tengslum við miðlægt bílastæði.
- Verndun fornleifa á svæðinu og / eða aðlögun nýs svæðis að þeim.
- Heildarstærð garðsins verði 2,5 ha.
- Vinna þarf breytingu á aðalskipulagi þar sem landnotkun afmarkaðs reits breytist úr óbyggðu svæði í Kirkjugarðar og grafreitir. Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulagstillaga verða auglýstar samhliða.

SKIPULAGSFERLI

Tímasetning helstu verkáfanga og kynninga fyrir almenning:

Ágúst 2024.

Lýsing samþykkt til kynningar í skipulags- og umhverfisnefnd og kynnt opinberlega & gerð aðgengileg á vef sveitarfélagsins. Lýsing send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnar – og samráðsaðilum.

Ágúst – september 2024

Deiliskipulagsdrög í vinnslu

September 2024

Deiliskipulagsdrög kynnt. (drög að aðalskipulagsbreytingu kynnt).

Nóvember 2024

Kynning fyrir auglýsingu samkv. 41.gr. skipulagslaga.

Nóvember - desember 2024

Deiliskipulagstillaga samþ. í auglýsingu og kynningu.

Desember 2024

Tillaga auglýst í B-deild stjórnartíðinda.

HELSTU UMSAGNAR- OG SAMRÁÐSAÐILAR

Skipulagsstofnun, Minjastofnun, Rarik, Vegagerðin, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun, Skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar, Sóknarnefnd Ólafsfjarðarkirkju, Kirkjugarðaráð og Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra (HNV).